

31. Stjórnarfundur, 11. júní 2014, kl. 8:15

Mætt: Vala Garðarsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Helga Árnadóttir, Davíð Arnar Stefánsson, Nína Síbyl Birgisdóttir og Árdís Erna Halldórsdóttir.

Forföll boðuðu: Þorvarður Árnason, Ragnhildur Jónsdóttir, Fanney Björg Sveinsdóttir og Tinna Björk Arnardóttir.

Fundarstjóri: Eyjólfur Guðmundsson  
Fundarritari: Árdís Erna Halldórsdóttir

### Dagskrá:

Fundarmenn bjóða Davíð verkefnastjóra hjartanlega velkominn til starfa í upphafi fundar. Hann hóf störf 2. júní s.l. Einnig var nýr stjórnarmaður, Helga Árnadóttir, boðin velkomin. Hún kemur inn í stjórn fyrir Vatnajökulsþjóðgarð sem gerðist aðili að þekkingarsetrinu í lok maí.

#### 1. Styrkumsóknir

Vala kynnir styrki sem Nýsköpunarmiðstöð opnar fyrir í haust varðandi skapandi greinar, menningu og ferðamennsku. Þeir eru í boði fyrir starfandi fyrirtæki. Ákveðið að Nýheimar boði til opins fundar um leið og NMÍ auglýsir styrkinn. Verkefnastjóri Nýheima tekur það að sér.

#### 2. Ásýnd Nýheima (prófíll)

Framhald umræðu frá 14. maí. Vala kynnir hugmyndina á bakvið prófíl Nýheima og ítrekar mikilvægi þess að hafa hann á heimasíðunni. Allar stofnanir skila inn sínum prófíl fyrir lok ágúst. Kristín ætlar að senda út skapalón til að vinna eftir.

#### 3. Skrifstofa verkefnastjóra Nýheima

Verkefnastjóri hefur til umráða fyrstu skrifstofu til hægri á frumkvöðlagangi. Inni á skrifstofunni er skrifborð, ein hilla og gamall skrifborðsstóll. Davíð listar upp þann stofnbúnað sem þarf og fær tilboð í það. Eins leitar hann að tilboðum í endurskoðun, internet og síma.

Samþykkt var á fundi bæjarráðs þann 20. janúar 2014 að fella niður húsaleigu vegna skrifstofu verkefnastjóra Nýheima, í það minnsta fyrir árið 2014.



4. Önnur mál

- Fjárframlag hefur borist frá Ríkinu vegna Þekkingarsetursins Nýheima fyrir hálf t árið 2014. Mun þekkingarsetrið greiða Fræðslunetinu helminginn af þeim 5 milljóna króna framlagi sem ákveðið var skv. samningi Ríkisins, Þekkingarsetursins Nýheima og Fræðslunets Suðurlands fyrir árið 2014. Framvegis munu greiðslur munu berast Fræðslunetinu mánaðarlega úr árið. Verkefnastjóri fylgir málinu úr hlaði.
  
- Davíð fjallar um ásýnd Nýheima og ákveðið var að hann ræði við áhaldahúsið um feqrun umhverfisins.

Fundi slitið kl. 9:10

*Ardis Erna Haraldsdóttir*